Fylgiskjal A við samning um framkvæmd verðbréfauppgjörs, milli Seðlabanka Íslands og Verðbréfamiðstöðvar Íslands hf., um framkvæmd uppgjörs vegna fyrirmæla þátttakenda í verðbréfauppgjörskerfi Verðbréfamiðstöðvar Íslands.

# Samkomulag um verklag

## vegna verðbréfauppgjörs

---

Seðlabanki Íslands, kt. 560269-4129, Kalkofnsvegi 1, Reykjavík, (hér eftir nefndur Seðlabankinn) og Verðbréfamiðstöð Íslands hf., kt. 451015-2140, Suðurlandsbraut 10, Reykjavík (hér eftir nefnd Verðbréfamiðstöð), gera með sér svohljóðandi samkomulag um verklag vegna uppgjörs verðbréfaviðskipta og fyrirtækjaaðgerða, sbr. lög nr. 7/2020 um verðbréfamiðstöðvar, uppgjör og rafræna eignaskráningu fjármálagerninga. Til grundvallar liggur samningur aðila um framkvæmd verðbréfauppgjörs dags. 24. nóvember 2020.

Tilgangur samkomulags þessa milli Seðlabankans og Verðbréfamiðstöðvar er að skilgreina hugtök, verklag, tækni- og viðskiptalega högun með það að markmiði að tryggja hagsmuni allra þátttakenda í verðbréfauppgjöri.

### 1. **Skilgreining hugtaka**.

Í samkomulagi þessum merkir:

1.1 **Aðalreikningur (RTM):** Reikningur á nafni þátttakanda í millibankakerfi Seðlabanka Íslands sem notaður er við framkvæmd greiðslna og uppgjörs í stórgreiðsluhluta millibankakerfisins. Tengdur aðalreikningi er verðbréfauppgjörsreikningur. Sbr. 1.12.

1.2 **Afhending gegn greiðslu**: Tilhögun verðbréfauppgjörs sem tengir yfirfærslu á verðbréfum við yfirfærslu á peningahluta á þann hátt að afhending verðbréfa á sér stað ef og aðeins ef samsvarandi yfirfærsla peningahluta á sér stað og öfugt.

1.3 **Almennir bankadagar:** Virkir afgreiðsludagar viðskiptabanka og sparisjóða frá mánudegi til föstudags, að báðum dögum meðtöldum.

1.4 **Fullnaðaruppgjör greiðslna:** Fullnaðaruppgjör greiðslna í uppgjöri markast af því þegar fjármálagerningar og peningar skipta um hendur eða þegar eingöngu er um verðbréfaflutning að ræða (FOP). Verðbréfin flytjast frá seljanda til kaupanda gegn umsaminni greiðslu og viðskiptin eru þar með óafturkræf og teljast uppgerð. Verðbréfamiðstöð annast fullnaðaruppgjör.

1.5 **Handbært fé til uppgjörs**: Fjármunir sem notaðir eru til fjárhagslegra efndaloka verðbréfauppgjörs eru kröfur á Seðlabankann (svk. seðlabankafé).

1.6 **Millibankagreiðslukerfi (MBK):**[1] Kerfi samkvæmt skilgreiningu 1. tl. 2. gr. laga nr. 90/1999. Í millibankakerfinu fer fram rauntímauppgjör með íslenskar krónur milli þátttakenda sem eiga aðild að því.

---

[1] Hér eftir nefnt millibankakerfi

1.7 **Reikningsstofnun**: Félag eða stofnun sem hefur milligöngu um eignarskráningu á rafbréfum og er þátttakandi í verðbréfauppgjörskerfi Verðbréfamiðstöðvar.

1.8 **Rekstraröryggi**: Áhætta tengd uppgjörsferlinu og rekstri millibankakerfisins annars vegar og rekstri verðbréfauppgjörskerfisins hins vegar. Rekstraröryggi tekur til Verðbréfamiðstöðvar, Seðlabankans og ytri aðila sem annast tæknilegan rekstur framangreindra kerfa, svo og annarra aðila sem einstökum verkþáttum kann að vera útvistað til af Verðbréfamiðstöð eða Seðlabanka vegna uppgjörs verðbréfaviðskipta.

1.9 **Uppgjörsdagur**: Sá dagur (S) sem efndalok verðbréfaviðskipta miðast við (e. settlement day) og móttaka verðbréfa þegar eingöngu er um verðbréfaflutning að ræða (FOP).

1.10 **Uppgjörsstofnun**: Stofnun, sbr. 2. tölul. 2. gr laga nr. 90/1999 um öryggi fyrirmæla í greiðslu- og verðbréfauppgjörskerfum sem er aðili að millibankakerfi Seðlabankans og annast fjárhagslega milligöngu fyrir uppgjör reikningsstofnunar í millibankakerfi.

1.11 **Verðbréfauppgjörskerfi**: Verðbréfauppgjörskerfi Verðbréfamiðstöðvar. Kerfið tekur á móti fyrirmælum frá reikningsstofnunum um móttöku, afhendingar og uppgjör gegn greiðslu sem gera á upp milli aðila fyrir milligöngu Verðbréfamiðstöðvar. Öll uppgjörsfyrirmæli sem gera á upp í verðbréfauppgjörskerfinu eru tilkynnt inn í kerfið, þar sem þau eru pöruð. Aðeins pöruð fyrirmæli koma til uppgjörs. Kerfið tekur við staðfestingum viðskiptaskilmála vegna verðbréfaviðskipta, og ákvarðar (úthlutar) réttindi og skyldur vegna viðskiptanna, gerir upp fyrirmælin með afhendingum og móttökum.

1.12 **Verðbréfauppgjörsreikningar (LOM)**: Sérstakir undirreikningar í eigu uppgjörsstofnana í millibankakerfi Seðlabankans sem notaðir eru til peningalegs uppgjörs verðbréfaviðskipta.

1.13 **Verðbréfauppgjör**: Uppgjör uppgjörsfyrirmæla með verðbréf frá reikningsstofnunum vegna verðbréfaviðskipta og fyrirtækjaaðgerða.

1.14 **Viðbúnaðaráætlanir**: Hvor aðili um sig vinnur samkvæmt viðbúnaðaráætlun sinni um viðbrögð við atvikum sem upp kunnu að koma í millibankakerfinu annars vegar og í uppgjörsferlinu hjá Verðbréfamiðstöð og verðbréfauppgjörskerfinu hins vegar eða hjá hýsingaraðila kerfa ásamt lýsingu á því hvernig bregðast eigi við brestum í rekstrarumhverfi þannig að unnt sé að ljúka verðbréfauppgjöri innan tilsettra tímamarka þó til rekstrartruflana komi.

## 2. Þátttaka.

Verðbréfamiðstöð Íslands er óbeinn aðili, „Authorised Settlement Agent (ASA)“, eins og það hefur verið skilgreint í reglum Seðlabankans um millibankakerfi. Hlutverk Verðbréfamiðstöðvar Íslands er að senda inn uppgjörsfyrirmæli á reikninga uppgjörsbanka í millibankakerfinu á grundvelli innsendra uppgjörsfyrirmæla þátttakenda í verðbréfauppgjörskerfinu vegna verðbréfaviðskipta og afgreiðslu fyrirtækjaaðgerða.

Seðlabankinn opnar LOM reikninga í millibankakerfinu fyrir uppgjörsstofnanir í samræmi við gildandi reglur og skilmála Seðlabankans.

Heimild til þátttöku í verðbréfamiðstöð er háð skilyrðum 6. gr. laga nr. 7/2020 og er lýst nánar í reglum Verðbréfamiðstöðvar Íslands.

Sé reikningsstofnun ekki uppgjörsstofnun þarf hún að semja við uppgjörsstofnun um peningalegt uppgjör uppgjörsfyrirmæla og greiðslu fyrirtækjaaðgerða í verðbréfauppgjörskerfinu. Uppgjörsstofnun skilar til Verðbréfamiðstöðvar Íslands staðfestingu á að hún heimili reikningsstofnun uppgjör af LOM reikningi viðkomandi

uppgjörsstofnunar. Hlutverk uppgjörsstofnunar er að leggja inn fjármuni á LOM reikninga sína í Seðlabanka Íslands fyrir hönd reikningsstofnana.

## 3. Peningalegt uppgjör verðbréfaviðskipta hjá Seðlabanka.

Peningalegt uppgjör verðbréfaviðskipta fer fram á starfrækslutíma millibankakerfisins. Seðlabankinn stofnar skv. beiðni sérstaka vaxtalausa verðbréfauppgjörsreikninga á nafni hverrar uppgjörsstofnunar sem notaðir eru til að taka frá handbært fé til verðbréfauppgjörs. Verðbréfauppgjörsreikningar eru undirreikningar aðalreikninga sömu stofnana sem hafa þann tilgang að halda utan um peningalegan hluta verðbréfauppgjörsins. Uppgjörsstofnanir tryggja að nægjanleg innistæða sé á verðbréfauppgjörsreikningi fyrir hvert verðbréfauppgjör. Verðbréfamiðstöð annast peningalegt uppgjör verðbréfaviðskipta með greiðslum á milli verðbréfauppgjörsreikninga þátttakenda í samræmi við staðfest undirliggjandi verðbréfaviðskipti og á grundvelli umboðs frá uppgjörsstofnun.

## 4. Uppgjör verðbréfa hjá Verðbréfamiðstöð

4.1. Grundvöllur og fyrirkomulag uppgjörs.

- Kerfi Verðbréfamiðstöðvar tekur frá þau verðbréf (frystir), sem afhenda skal í uppgjöri.
- Þau verðbréf sem ekki eru að fullu frágengin eru ekki tekin til uppgjörs og fara þá í næstu uppgjörslotu. sbr. uppgjörsferlið.
- Komi sú staða upp að reikningsstofnun eigi ekki tilskilið fjármagn á LOM reikningi vegna uppgjörs þá færast ófjármögnuð viðskiptin í viðkomandi uppgjöri yfir í næstu uppgjörslotu.

4.2. Tímasetningar uppgjörs.

Verðbréfamiðstöðin gerir upp viðskipti þrisvar á dag (þremur uppgjörslotum) bæði viðskipti og fyrirtækjaaðgerðir.

- Uppgjör 1 kl. 10:00
- Uppgjör 2 kl. 13:30
- Uppgjör 3 kl. 15:30

Verðbréfamiðstöð lokar á viðskipti í hverju uppgjöri 15 mínútum fyrir uppgjör, sbr. uppgjörsferlið.

Uppgjör telst lokið þegar fullnaðaruppgjör greiðslna og afhending bréfa hefur farið fram.

Ef fullnaðaruppgjör hefur ekki klárast innan klukkustundar frá því það fór af stað, eru viðskiptin færð sjálfkrafa yfir í næstu uppgjörslotu. Ef um síðustu uppgjörslotu dagsins er að ræða, færast viðskiptin yfir á næsta bankadag.

Ef frávik hefur áhrif á að fullnaðaruppgjör klárist er unnið samkvæmt verklagi hér að neðan, sbr.6. lið.

Ekki má setja uppgjör af stað á öðrum tímum en fyrrgreindum nema með samþykki tengiliða beggja aðila.

## 5. Uppgjörsferlið

Kerfi Verðbréfamiðstöðvar er starfrækt frá kl. 8:00 til kl. 17:00 á almennum bankadögum. Stórgreiðsluhluti millibankakerfis Seðlabankans er opinn frá kl. 09:00 til kl. 16:30 á almennum bankadögum. Báðir aðilar skulu tryggja að tengiliðalistar séu uppfærðir reglulega og upplýsa ef breytingar verða á verkferlum sem skipt geta máli við meðhöndlun frávika og atvika.

**Uppgjör 1:**

- **08:00 – 09:45** Kerfi Verðbréfamiðstöðvar tekur frá þau verðbréf (frystir), sem afhenda skal í uppgjöri. Þau verðbréf sem ekki eru að fullu frágengin eru ekki tekin til uppgjörs og fara þá í næstu uppgjörslotu.
- **09:45** Lokunartími uppgjörslotu.
- **10:00 Fer eftirfarandi ferli í gang:**
    - Verðbréfamiðstöð sendir (AA01) – Liquidty Lock Request, beiðni um að læsa LOM reikningunum.
    - MBK sendir (IR00) – Liquidty Lock response., hvort tekist hafi að læsa LOM.
    - MBK sendir (NLL0) LOM locked Notification sem staðfestingu að búið sé að færa fjármagn á LOM reikningana. Í þessu skeyti kemur fram upphæðir á LOM reikningunum.
    - Verðbréfamiðstöðin ber saman stöðuna á LOM reikningum við skuldbindingar uppgjörsstofnana. Ef nægjanlegt fjármagn er á LOM reikningunum er uppgjör viðskipta sett í gang hjá Verðbréfamiðstöð.
    - Þegar bréfa hluta verðbréfauppgjörs er lokið sendir Verðbréfamiðstöð (AA08) - Net settlement Instruction til MBK. Millibankagreiðslukerfisins.
    - MBK sendir (IR08) – Net Settlement Response sem staðfestingu að búið sé að færa fjármagn milli LOM reikninga.
    - Verðbréfamiðstöð sendir (AA02) - LOM Unlock skeyti með beiðni um að færa af LOM yfir á RTM reikningana í lokin.
    - MBK sendir (IR01) – Liquidty unlock Response.
    - MBK sendir (NLL1) – LOM unlocked Notification.
    - Þegar Verðbréfmiðstöðin hefur móttekið (NLL1) – LOM unlocked Notification er uppgjöri lokið.

**Uppgjör 2:**

- **09:45 – 13:15** Kerfi Verðbréfamiðstöðvar tekur frá þau verðbréf (frystir), sem afhenda skal í uppgjöri. Þau verðbréf sem ekki eru að fullu frágengin eru ekki tekin til uppgjörs og fara þá í næstu uppgjörslotu.
- **13:15 Lokunartími uppgjörslotu**

**13:30 Sama ferli fer í gang og lýst er í uppgjöri 1.**

**Uppgjör 3:**

- **13:15 – 15:15** Kerfi Verðbréfamiðstöðvar tekur frá þau verðbréf (frystir), sem afhenda skal í uppgjöri. Þau verðbréf sem ekki eru að fullu frágengin eru ekki tekin til uppgjörs og fara þá í næstu uppgjörslotu.
- **15:15** Lokunartími uppgjörslotu
- **15:30 Sama ferli fer í gang og lýst er í uppgjöri 1.**

## 6. Frávik í uppgjörsferli. Verkaskipting

### Verðbréfamiðstöð Íslands:

Verðbréfamiðstöð vaktar stöðugt rekstrarstöðugleika og uppitíma verðbréfauppgjörskerfisins. Komi upp atvik í rekstri verðbréfauppgjörskerfisins er viðbragðsáætlun Verðbréfamiðstöðvar virkjuð. Upplýsingatæknistjóri VBM ber ábyrgð á að samræma viðbrögð við rekstraratvikum Viðbragðsáætlun Verðbréfamiðstöðvar gerir ráð fyrir að allir starfsmenn sem eiga að koma að því að greina og bregðast við atvikinu séu upplýstir svo fljótt sem verða má svo hægt sé að bregðast við með viðeigandi hætti og leita að orsök atviksins. Um leið og ljóst er að atvik hefur orðið í uppgjöri gegn greiðslu er viðbragðsteymi SÍ gert viðvart og þátttakendur í uppgjöri eru upplýstir ásamt viðeigandi eftirlitsaðilum. Öllum viðeigandi aðilum er haldið upplýstum reglulega á meðan orsök atviksins eru greind. Þegar ljóst er hvað olli atvikinu mun Verðbréfamiðstöð upplýsa viðbragðsteymi SÍ og leita eftir samþykki við lausn atviksins og viðbragð ef það varðar millibankakerfið. Að því loknu mun Verðbréfamiðstöð og eftir atvikum SÍ bregðast við. Verðbréfamiðstöð mun að því loknu upplýsa þátttakendur um lausn atviksins. Verðbréfamiðstöð sendir síðan atvikaskýrslur til SÍ, eftirlitsaðila og þátttakendur ef við á.

### Seðlabanki Íslands:

Komi upp atvik í rekstri millibankakerfisins á opnunartíma stórgreiðsluhluta þess er viðbúnaðaráætlun virkjuð. Upplýsingatækni og rekstrarstjóri MBK bera ábyrgð á að samræma viðbrögð við atvikum. Viðbúnaðaráætlun vegna millibankakerfisins gerir ráð fyrir að ef atvik hafi áhrif á þátttakendur í kerfinu þá verði haft samband við þá og þeim haldið upplýstum, annaðhvort í gegnum Teams þráð eða í síma. Það fer eftir eðli atviks að mati Seðlabankans hvernig brugðist verður við.

### Úrlausn fráviks:

Allir málsaðilar:

- Greina frávikið hjá sér og tilkynna gagnaðila innan 15 mínútna og miðla til annarra hver vandinn er í þeirra kerfum án tafa.
- Sá aðili sem tilkynningu fær skal staðfesta móttöku tilkynningar innan 15 mínútna frá móttöku.
- Þegar lausn á fráviki liggur fyrir hjá hverjum aðila eru aðrir málsaðilar upplýstir um hver hún er.
- Þegar búið er að laga vandann eru allir málsaðilar upplýstir.

Upplýsingamiðlun Verðbréfamiðstöðvarinnar:

Þátttakendur (reikningsstofnanir) í uppgjöri eru upplýstir.

Eftirlitsaðilar eru upplýstir í þeim tilvikum þegar atvik er tilkynningarskylt skv. skilgreiningu FME.

Öllum viðeigandi aðilum er haldið upplýstum reglulega á meðan orsök atviksins eru greind.

## 7. Gildistaka.

Samkomulag þetta tekur gildi við undirritun og um leið fellur fyrra samkomulag aðila, frá 19. nóvember 2020 um sama efni niður.

Samkomulag þetta skal endurskoðað árlega og þegar verulegar breytingar verða á uppgjörsferli eða lögum sem því tengjast.

## 8. Ágreiningur.

Um samkomulag þetta gilda íslensk lög. Rísi ágreiningur út af samkomulagi þessu skal reka málið fyrir héraðsdómi Reykjavíkur.

## 9. Undirritun aðila

Samkomulagið er undirritað með fullgildri rafrænni undirskrift í samræmi við lög nr. 55/2019 um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti.

Reykjavik, [dags.] 2025

SEÐLABANKI ÍSLANDS

Rannveig Júníusdóttir,

Framkvæmdastjóri.

Stefán G. Guðjohnsen,

Framkvæmdastjóri.

Verðbréfamiðstöð Íslands hf.

Halldóra Guðrún Hinriksdóttir

Framkvæmdastjóri.

**Fylgiskjal 1 Gildandi viðbúnaðaráætlun VBM.**

**Fylgiskjal 2 Tengiliðalisti.**

# Undirritunarsíða

## Stefán G Guðjohnsen

Undirritað af:
Stefán Gunnar
Guðjohnsen
2504694629
Dags: 01.10.2025
Tími: 19:11:50
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 97a0db08-
95c8-440b-8403-
0aa9dce6f551

## Rannveig Júníusdóttir

Undirritað af:
Rannveig Júníusdóttir
0707814339
Dags: 16.09.2025
Tími: 13:35:45
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 97a0db08-
95c8-440b-8403-
0aa9dce6f551

## Halldóra Guðrún Hinriksdóttir

Undirritað af:
Halldóra Guðrún
Hinriksdóttir
0403734899
Dags: 12.09.2025
Tími: 14:51:59
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 97a0db08-
95c8-440b-8403-
0aa9dce6f551